

Greinargerð stjórnar Origo hf.

Valfrjálst tilboð AU 22 ehf. til hluthafa Origo hf.

Þann 19. janúar 2023 birti AU 22 ehf., kt. 641022-0550 (hér eftir vísað til sem „tilboðsgjafi“) opinbert tilboðsyfirlit í tengslum við valfrjálst tilboð í hlutabréf hluthafa Origo hf., kt. 530292-2079 (hér eftir vísað til sem „Origo“ eða „félagið“). Tilboðið gildir í fimm (5) vikur og rennur út þann 22. febrúar 2023 kl. 13:00. Tilboðið er gert í samræmi við ákvæði 101. gr. og X. og XI. kafla laga nr. 108/2007 um yfirtökur (hér eftir vísað til sem „ytl.“). Tilboðsverðið sem boðið er í yfirtökutilboðinu er 101 króna fyrir hvern hlut í Origo, veðbanda- og kvaðalausán.

Í tilboðsyfirliti tilboðsgjafa kemur fram að dagslokaverð Origo í viðskiptum á aðallista Nasdaq á Íslandi hf. þann 9. desember 2022, deginum áður en tilkynnt var um væntanlegt yfirtökutilboð tilboðsgjafa, var 101 kr. á hlut og tilboðsverðið svarar til hæsta verðs sem tilboðsgjafi hefur greitt fyrir hluti í Origo síðustu 6 mánuði áður en tilboð var sett fram. Þá er tilboðsverðið enn fremur 14,4% hærra en veltuleiðrétt meðalverð hlutabréfa í Origo að teknu tilliti til lækkunar hlutfjár frá tilkynningu um sölu Tempo og 11% hærra frá því að hlutfjárlækkun fór fram 7. desember síðastliðinn.

Í tilboðsyfirliti tilboðsgjafa kemur fram að tilboðið verði fjármagnað með eiginfjárframlagi og lánsfé. Þá kemur fram að Arion banki hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík ábyrgist greiðslu samkvæmt tilboðinu í samræmi við 5. mgr. 103. gr. ytl.

Þann 12. desember 2022 tilkynnti tilboðsgjafi fyrirætlan sína um að leggja fram valfrjálst tilboð í Origo, en þann dag fór tilboðsgjafi með eignar- og atkvæðisrétt fyrir samtals 36.182.430 hlutum í Origo eða sem samsvarar 25,8% af heildarhlutafé Origo, eða 26,3% af útistandandi hlutum þegar tekið hefur verið tillit til eigin hluta. Hinn 23. desember 2022 keypti tilboðsgjafi samtals 4.827.878 hluti í Origo, til viðbótar við þá hluti sem hann eignaðist í aðdraganda áður nefndar tilkynningar hans þann 12. desember sl., á genginu 101 króna á hlut og átti því, á tilboðsdegi, samtals 41.010.308 hluti í Origo sem samsvarar 29,3% af heildarhlutafé félagsins, eða 29,9% af útistandandi hlutum þegar tekið hefur verið tillit til eigin hluta.

Samkvæmt 5. mgr. 104. gr. ytl. ber stjórn Origo að semja og gera opinbera sérstaka greinargerð þar sem fram kemur rökstutt álit stjórnar á tilboðinu og skilmálum þess. Stjórn Origo hefur yfirfarið valfrjálsta tilboðið og samþykkt greinargerð þessa.

Skilmálar tilboðs tilboðsgjafa uppfylla skilyrði ákvæða 2.-4. mgr. 103. gr. ytl., líkt og um skyldubundið yfirtökutilboð væri að ræða, og verður tilboðsgjafa því ekki skylt að gera yfirtökutilboð í samræmi við 100. gr. ytl. náði hann yfirráðum í Origo, í skilningi 100. gr. ytl., í kjölfar tilboðsins. Í því samhengi þykir stjórn rétt að benda hluthöfum á að eftir að tilboðstímabilinu lýkur, kl. 13.00 þann 22. febrúar 2023, er hugsanlegt að verulega dragi úr seljanleika hlutabréfa félagsins á markaði og að verðmyndun og verðþróun gæti reynst hluthöfum óhagstæð í samanburði við tilboðsverð tilboðsgjafa. Í þessu samhengi er rétt að hafa í huga að fáir fyrirætlanir tilboðsgjafa um afskráningu hlutabréfa félagsins brautargengi á aðalfundi þann 21. mars 2023, má telja líklegt að sala bréfa einstakra hluthafa verði í kjölfarið torveldari, sem ekki er víst að henti öllum hluthöfum. Einnig má benda á að verði bréf félagsins afskráð, má telja nær öruggt að verulega dragi úr regulegri upplýsingagjöf félagsins til hluthafa.

Verð hlutabréfa Origo í útboði félagsins þann 11. desember 2015, þ.e. útboðsgengi, var 16 kr. á hlut. Frá 5. mars 2018 til 8. júní 2020 var verð hlutabréfa Origo á bilinu ca. 19,85-28 kr. á hlut. Verð bréfanna tók síðan að hækka umfram það verðbil og þann 17. maí 2021 náði verðið tímabundnu hámarki í rúmlega 52. kr. á hlut. Í ágúst 2021 tóku bréfin aftur að hækka og náðu tímabundnum hápunkti þann 21. febrúar 2022 á verðinu 79,8 kr. á hlut. Í

kjölfar þess tóku bréfin að lækka og þann 20. júní 2022 var verð þeirra komið niður í 54,7 kr. Þann 26. september 2022, þegar verð hlutabréfa Origo stóð í 63,6 kr., tóku þau að hækka þar til þann 12. desember 2022 var verð bréfanna komið í 100,4 kr.



Heimild: Keldan.

Tilboðsgjafi er AU 22 ehf., sem er félag í fullri eigu Umbreytingar II slhf., framtakssjóðs í rekstri Alfa Framtaks ehf. Stærstu eigendur Alfa Framtaks eru Gunnar Páll Tryggvason og Árni Jón Pálsson, í gegnum eignarhaldsfélög sín. Eigendur og fjárfestar í Umbreytingu II slhf. eru m.a. lífeyrissjóðir, tryggingafélög og fjársterkir einstaklingar og fjölskyldur. Stjórn sjóðsins skipa Friðrik Jóhannsson, Eva Sóley Guðbjörnsdóttir, Finnur R. Stefánsson, Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir og Jón Sigurðsson (fyrrverandi forstjóri Össurar).

Í tilboðsyfirlitinu kemur fram að Alfa Framtak vilji taka þátt í umbreytingum hjá Origo í góðri samvinnu við núverandi stjórnendur og hluthafa. Í þeim umbreytingum gæti meðal annars falið aukin sjálfstæði einstakra rekstrareininga, svo sem notendalausna, og að fá inn meðfjárfesta í einstakar rekstrareiningar en slíkar breytingar gætu haft áhrif á störf stjórnenda og starfsmanna Origo. Þá koma til skoðunar kaup á hentugum viðbótareiningum, almenn endurskipulagning Origo, endurskoðun á húsakosti félagsins, afskráning hlutabréfa Origo úr kauphöll, einföldun á stjórnarháttum svo sem með breytingum á samþykktum í kjölfar afskráningar og að bæta við nýju kaupréttarfyrikomulagi.

Í fréttatilkynningum um árshlutauppgjör Origo, síðast þann 28. október 2022, hefur verið greint frá umbreytingar- og vaxtarverkefnum sem unnið hefur verið að á vettvangi félagsins, dótturfélaga og samstarfsaðila félagsins. Eins og greint hefur verið frá er félagið í innleiðingarfasa á stefnumótun sem ráðist var í á árinu 2021 og hefur félagið úr töliverðu að vinna, sem styrkja mun félagið enn frekar til sóknar – til hagsbóta fyrir viðskiptavinum, starfsfólki og hluthafa. Virðist því sem nokkur samhljómur sé milli tilboðsgjafa og stjórnar um mikilvægi áframhaldandi stefnu um umbreytingar og uppbyggingar á félaginu. Við þetta má bæta að í framhaldi af sölu á hlut félagsins í Tempo og sem hluti af stefnumótunarvinnu stjórnar, var rætt um kosti og galla þess að hafa hlutabréf félagsins áfram skráð á aðallista NASDAQ á Íslandi. Stjórn hafði ekki tekið endalega afstöðu til þess máls þegar yfirtökutilboð tilboðsgjafa kom fram en á vettvangi stjórnar var umræða um mögulega afskráningu almennt jákvæð. Stjórn vill einnig taka fram að hún fagnar aðkomu virks hluthafa að rekstri félagsins, líkt og nú hefur þegar orðið, og telur það geta styrkt félagið til áframhaldandi vaxtar. Tilboðið hefur verið kynnt á starfsmannafundum á vegum félagsins. Ekki hafa borist formlegar athugasemdir frá starfsfólki eða fulltrúum þeirra við tilboðinu.

Miðað við stöðu markaðar á þeim degi sem tilkynnt var um fyrirhugað tilboð og þróun á verði hlutabréfa félagsins næstu sex mánuði þar á undan getur stjórn félagsins ekki séð að tilboðsverðið sé á nokkurn hátt ósanngjarnt. Auk þess bendir stjórn hluthöfum á að tilboðsgjafi hefur þegar eignast 29.9% af útistandandi hlutum að mestu leiti á framlögðu tilboðsgengi og, eins og komið hefur fram í opinberum tilkynningum, eru seljendur margir hverjir fagfjárfestar eins og verðbréfasjóðir og lífeyrissjóðir sem ætla má að séu vel upplýstir um raunvirði félagsins við ákvörðunartöku sína.

Stjórn Origo telur greiðsluskilmála tilboðsins eðlilega en hluthöfum er boðin greiðsla í reiðufé og fyrir liggur fullgild ábyrgð á greiðslu í samræmi við ákvæði 5. mgr. 103. gr. ytl. gagnvart þeim aðilum sem samþykkja tilboðið í samræmi við skilmála þess. Stjórn Origo getur ekki lagt mat á það hvort vænlegt sé fyrir einstaka hluthafa að samþykkja tilboðið eða hafna því, enda eru aðstæður og væntingar hluthafa misjafnar. Stjórn Origo vill því beina þeim tilmælum til hluthafa að þeir leiti sérfræðiráðgjafar áður en tekin er afstaða til tilboðsins.

Enginn af stjórnarmönnum félagsins, sem koma að greinargerð þessari, tengist eða tekur þátt í tilboðinu. Afstaða stjórnarmanna sem hlut eiga í félaginu og afstaða aðila sem eru fjárhagslega tengdir stjórnarmönnum félagsins er eftirfarandi:

- Ari Daníelsson er hluthafi og stjórnarmaður Origo í gegnum eignarhaldsfélagið MFT 1 ehf. Hann mun ekki ganga að tilboðinu.
- Aðrir stjórnarmenn, eiga ekki hlut í félaginu né aðilar sem eru þeim fjárhagslega tengdir.

Með vísan til framangreinds telur stjórn Origo ekki tilefni til að ætla að tilboð tilboðsgjafa hafi neikvæð áhrif á hagsmuni Origo, störf stjórnenda og starfsmanna félagsins eða starfsstöðvar þess, en telur ljóst að tilboð tilboðsgjafa kann að hafa í för með sér talsverðar breytingar, sem kunna að hafa neikvæð áhrif á hagsmuni einhverra hluthafa, svo sem er varða seljanleika bréfa.

Reykjavík, 14. febrúar 2023

Stjórn Origo hf.

Hjalti Þórarinnsson

Ari Daníelsson

Ari Kristinn Jónsson

Auður Björk Guðmundsdóttir

Hildur H. Dungal